| **Kennarar:** | ***Haukur Jónsson, Hálfdán Örnólfsson*** | **Sk.st.** | ***HAJ, HÖR*** |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing:

Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á tölum, fallhugtakinu og hagnýtingu þess og færni í algebru. Áhersla er lögð á hvernig nota má föll til að leysa hagnýt verkefni og færa fyrirbrigði á sviði náttúrufræði og samfélags, s.s. viðskipta, í stærðfræðilegan búning. Reiknitæki eru notuð til að teikna gröf og leysa verkefni.

## Áfangamarkmið:

Nemandi hafi góðan skilning á undirstöðuatriðum talnameðferðar og algebru, nánar tiltekið:
- þekki forgangsröð aðgerða og viti hvernig svigar eru notaðir til þess að tilgreina hana
- viti að hægt er að þátta sérhverja náttúrlega tölu í frumþætti og geti notað þá þekkingu í einföldum dæmum.
- hafi náð tökum á undirstöðuatriðum algebru, s.s. þáttun og liðun
- kunni að lengja og stytta einföld algebrubrot, finna samnefnara brota og leggja þau saman
- kunni að margfalda saman einföld algebrubrot og deila
- þekki skilgreiningar á heiltöluveldum og rótum og kunni helstu velda og rótarreglur
- geti fundið skurðpunkta einfaldra grafa við ása hnitakerfisins og fundið skurðpunkta tveggja grafa
- þekki annars stigs margliður og geti leyst annars stigs jöfnur, nánar tiltekið
- þekki sambandið milli stuðla og núllstöðva annars stigs margliðu og geti notað þáttun til lausnar þeirra
- kunni reglu um núllstöðvar annars stigs margliðu og geti notað hana
- geti umritað ýmis einföld verkefni sem leiða til annars stigs margliðna og jafna
- þekki jöfnu fleygboga og geti fundið skurðpunkta fleygboga við ása hnitakerfisins, fundið topppunkt og samhverfuás fleygboga og teiknað upp fleygboga út frá gefinni formúlu
- geti túlkað skurðpunkta grafa sem lausnir jöfnu og viti hvernig má túlka hallatölu snertils við graf falls
- geti túlkað framangreind atriði sem lausnir á hagnýtum dæmum

## Námsgögn:

Kennslubókin sem stuðst verður við heitir STÆ 203, fyrsta útgáfa, <u>önnur prenntun</u> eða nýrri eftir Jón Hafstein Jónsson, Níels Karlsson og Stefán G. Jónsson, útgefandi Tölvunot, Akureyri 2003.
Farið verður í gegnum valda þætti úr bókinni.

## Námsmat og vægi námsþátta:

| **Námsmat** | **Lýsing** | **Vægi** |
|---|---|---|
| Skriflegt | Lokapróf | 70% |
| Skyndipróf | Kaflapróf | 15% |
| Frammistaða á önn | Mæting, hegðun og vinnusemi | 5% |
| Annað (I) | Heimadæmi | 10% |
| Annað (II) | Nemandi þarf að ná a.m.k. 40% árangri á lokaprófi til að vetareinkunn reiknist inn í lokaeinkunn til hækkunar. | |
| **Ýmislegt** | Notkun hljómtækja í kennslustundum er bönnuð. | |

## Áætlun um yfirferð og verkefni:

| Vika | Námsefni (bóklegur hluti) | Verkefni |
|---|---|---|
| 1-2 | **Kafli 3.1**<br>Liðun og þáttun | **Æfing 3.1:**<br>**1** a,b,c,d,f,g,i, **2** a,b,c,d, **3** a,b,c,d,e,f,g,h,i,j,k,l,<br>**4** a,b,c,d, **5** a,b,c,d,e,f, **8** a,b,c,d,e,f,g,h, **9** c,d,e |
| 3 | **Kafli 3.1**<br>Liðun og þáttun | **Verkefni 3:** **Hd 1**<br>2, 6, 7, 10, 14, 17, 19, 25, 27, 29, 30, 32, 33, 35, 37, 38, 42, 46, 47, 48 |
| 4 | **Kafli 3.2**<br>Brotareikningur | **Æfing 3.2:**<br>**1** b,d,f,h, **2** a,b,e,f,g, **3** a,b,c |
| 5 | **Kafli 3.2**<br>Brotareikningur | **Verkefni 3:** **Hd 2**<br>62, 63, 67, 68, 69, 73, 75, 76, 79, 81, 83 |
| 6 | **Kafli 4.1**<br>Jöfnur | **Æfing 4.1A:** **Hd 3**<br>**1** b,d,f,g,i,j,k,l, **2**, **5**, **6**, **8**, **10**, **11** a,b,c |
| 7 | **Kafli 4.1**<br>Jöfnur | **Verkefni 4:**<br>1, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, 19, 22, 25 **Próf 3.&4. k** |
| 8 | **Kafli 5.1**<br>Heil veldi | **Æfing 5.1:** **1** a,b,d,e,f,i,l, **2** a,b,c,d,e, **3** a,b,c,d **Hd 4**<br>**Verkefni 5:** 1 a, c, e, 2 a,b,c,d, 3 a,b,c, 4 c,d |
| 9 | **Kafli 5.2 og 5.3**<br>Rætur og brotin veldi | **Æfing 5.2:** **1** a,b,c,d,e, **4** a,b,c,d,e,f, Viðbótardæmi **Hd 5**<br>**Æfing 5.3:** **2** a,b,c,d,e,f,g,h,i,j<br>**Verkefni 5:** 6 a,b,c,d,e,f, 7 a, b, d, f, 13 a,b,c,d,e,f |
| 10 | **Kafli 6.1A og B**<br>Margliður og deiling margliða | **Æfing 6.1A:** **1** a-h, **2** a,b,c,d,e,f, **3**, **4** **Hd 6**<br>**Æfing 6.1B:** **1** a,b,c, **3** a,b,c |
| 11 | **Kafli 6.1C**<br>Núllstöðvar margliða | **Verkefni 6:** **1** a-f, **2**, **4**, **6**, **8** **Hd 7**<br>**Æfing 6.1C:** **1** a,b,c,d,e,f,g,h, **2** a,d,e, **5** a,b,c,d |
| 12 | **Kafli 6.1D**<br>Þáttun margliða | **Æfing 6.1D:** **1** a,b,c,d,f,h,j,k, **2** a,b,e, **4** a,b,c<br>**Verkefni 6:** **10** a,c,e,g,i,**12** a,b,c,d,e **Próf 5. & 6. k** |
| 14-15 | **Kafli 7.1A og B**<br>Línan og fleygboginn | **Æfing 7.1A:** **1** a,b,c, **2** a,b **Hd 8**<br>**Æfing 7.1B:** **1** a,b,c,d,e,f, **3** a,b,c,d,e, **4** a,c,d,f |
| 16 | **Kafli 7.1C**<br>Skurðpunktar grafa | **Æfing 7.1C:** **1** a,b,d,e, **2** a,b,c,d,e, **3** a,c,d,f<br>**Verkefni 7:** **1** a,c,e, **2** a,b,c, **3** b,d,f,h, **5** a,b,c,d,e |
| 17 | Upprifjun og samantekt. | Prófsýni o.fl |

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur árs skv Innu.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**